



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

EFNI:

Klamydía og lekandi árið 2008 bls. 1

Óútskýrð matarsýking bls. 2

Greiningar á veirufræðideild LSH í febrúar 2009 bls. 2

Ritstjórn
Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
SÓTTVARNALÆKNIR**

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

KLAMYDÍA OG LEKANDI ÁRIÐ 2008

Klamydía

Samtals greindust 1834 klamydíutifelli á árinu 2008 (sjá töflu) og er það svipaður fjöldi og síðastliðin ár. Sýkingin var algengust meðal fólks á aldrinum 15–29 ára og greindist oftast hjá konum en körlum, sjá mynd 1.


Samkvæmt ársskýrslu [European Surveillance of Sexually Transmitted Infections](#) (ESSTI) frá 2008 greindust hlutfallslega flest tilfelli á Íslandi samanborið við aðrar Evrópuþjóðir. Slíkan samanburður þarf reyndar að taka með fyrirvara því að margt annað hefur áhrif á fjölda tilfella en raunverulegt algengi (*prevalence*) sjúkdómsins í samfélaginu. Sýkingin er í mörgum tilfellum einkennalaus og fjöldi sýna sem sendur er í klamydíuleit hefur áhrif á heildarfjölda tilfella sem greinast. Það er líklegt að góðar greiningaraðferðir og fjöldi sýna sem sendur er til rannsóknar fyrir klamydíu skýri að einhverju leyti háar klamydíutölur hérlandis. Slíkt er þekkt í öðrum löndum, en í ársskýrslu ESSTI var greint frá mikilli aukningu tilfella í Svíþjóð árið 2007. Skýring á þeirri aukningu var talin vera aukinn sýnafjöldi og bætтар greiningaraðferðir.

Hérlandis fara flestar klamydíurannsóknir fram á sýklafræðideild Landspítala, en rannsóknin er einnig gerð á sýklafræðideild Sjúkrahússins á Akureyri. Heildarfjöldi sýna, sem bárust í klamydíurannsókn á sýklafræðideild Landspítala, og hlutfall jákvæðra rannsókna hafa haldist nokkuð stöðug síðastliðið ár, sjá mynd 2.

Helstu einkenni klamydíusýkingar eru sviði og útferð, en sýkingin er oft án einkenna, einkum hjá konum. Ófrjósemi hjá konum er alvarlegur fylgikvilli sýkingarinnar.

Lekandi

Alls greindust 26 einstaklingar með lekanda á árinu 2008 samkvæmt jákvæðum ræktunum á sýkladeild Landspítalans. Þar af voru 12 konur og 14 karlar, á aldrinum 19 til 63 ára (miðgildi 28 ára), sjá mynd 3, bls. 2. Lekandi var fremur sjaldséður hérlandis áður fyrr, en árið 2005 fór að bera á fjölgun tilfella. Það ár greindust 19 einstaklingar með lekanda, en flest hafa tilfellið orðið 31, árið 2006.



Stór hluti bakteríustofnanna var ónæmur fyrir einu eða fleiri sýklalyfjum sem prófað var fyrir og sýklalyfjanæmi var mjög breytilegt milli stofna. Breytilegt sýklalyfjanæmi bendir til mismunandi uppruna smits, en hann var ýmist af innlendum eða erlendum toga.

Þegar grunur er um lekanda er nauðsynlegt að rækta sýni, bæði til að fylgjast með sýklalyfjaónæmi almennt en einnig til að tryggja árangursríka sýklalyfjameðferð fyrir


Klamydíutifelli	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi tilfella	2123	2088	1638	1736	1622	1729	1813	1834
Fjöldi tilfella á 100.000 íbúa	745	726	566	593	548	568	582	574

Árið 2008 greindust
1834 tilfelli
klamydíu á Íslandi
og 26 tilfelli
lekanda.

Nú af sautján
matargestum á
veitingastað á
Norðurlandi vestra
veiktust af
matarsýkingu án
þess að nokkur
skýring myndist á
veikindunum.

einstaklinginn. Auk þess skal ræktun tekin aftur nokkru eftir að meðferð lýkur til að tryggja árangur meðferðarinnar.

Um helmingur kvenna fá engin einkenni sýkingarinnar þrátt fyrir smit og því má ætla að sýkingin sé algengari en þessar tölur



benda til. Karlar fá oftast einkenni sýkingarinnar, en þau geta gengið yfir án meðferðar og viðkomandi verið smitandi vikum eða mánuðum saman. Sýkingin getur verið alvarleg og leitt til ófrjósemi, en bakterían getur einnig borist út í blóðið og valdið m.a. sýkingum í liðum.

Kynsjúkdómar eru sýkingar sem geta verið alvarlegar eða þeim fylgt slæmir kvillar. Stöðugt þarf að minna á ábyrgð einstaklinga við að verjast eigin smiti og smiti til annarra. Nýlega kom út bæklingur á vegum sóttvarnalæknis, [Kynsjúkdómar](#), með fræðslu um smitleiðir og einkenni kynsjúkdóma ásamt upplýsingum um meðferð og forvarnir.

Guðrún Sigmundsdóttir

ÓÚTSKÝRÐ MATARSÝKING

Þann 24. febrúar varð kunnugt um matarsýkingu á veitingastað á Norðurlandi vestra þar sem 17 karlmenn höfðu borðað saman hádegismat og drukkið síðdegiskaffi. Af þeim veiktust níu með niðurgang og önnur einkenni, s.s. ógleði, uppköst eða hita. Einn maður lagðist inn á sjúkrahús, en þrátt fyrir það geta veikindin ekki talist alvarleg.

Ítarleg rannsókn var gerð til að komast að orsök sýkingarinnar. Farið var yfir neyslu

allra 17 einstaklinganna og sýni send í rannsókn frá nokkrum þeirra sem fengu einkenni, en niðurstöður úr sýnatökunni voru neikvæðar. Heilbrigðisfulltrúi á Norðurlandi vestra skoðaði staðinn og tók sýni úr vatninu sem reyndist með ágætum.

Ekki hefur frést um frekari veikindi og svo virðist sem sýkingin sé liðin hjá, en engin skýring fékkst á einkennum mannanna.

Guðrún Sigmundsdóttir

GREININGAR Á VEIRUFREÐIDEILD LSH Í FEBRÚAR 2009

I. Öndunarfærasýkingar

Í febrúar 2009 greindist RSV í um 40% greindra sýna á veirufreðideild LSH. Aðrar veirur voru influensa A (35% tilfella, einkum H3), adenóveirur, herpes simplex og rhínóveira. Þótt influensa hafi greinst í febrúar benda greiningar frá brádamóttökum á höfuðborgarsvæðinu til þess að faraldur influensu hafi þegar náð hámarki. Tölur frá Læknavaktinni benda sömuleiðis til þessa að fjöldi þeirra sem greinast með influensulík einkenni aukist ekki.

II. Meltingarfærasýkingar

Þrjár einstaklingar greindust með nóróveirusýkingu í febrúar, sem er veruleg fækkun frá því í janúar sl. Tveir einstaklingar greindust með astroveirusýkingu, tveir með adenóveiru og einn með rótaveiru. Nóróveirusýkingum í samfélaginu virðist því vera að fækka.

Þórolfur Guðnason